

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 2. des. 2014 á Kjóavöllum.

18. fundur

Fundur hófst kl. 18:05

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálsdótti, Lárus Finnbogason, Hannes Hjartarson og Sigurður Halldórsson. Magnús Benediktsson og Hermann Vilmundarson boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Farið yfir verkefnalistann og hann uppfærður. Lyklakerfi reiðhallarinnar rætt undir þessum lið. Gengið verður frá endanlegu fyrirkomulagi fyrir næsta fund stjórnar.
3. Búið að ganga frá dagskrá vetrarins. Hún verður prentuð ásamt lista yfir námskeið og dreift í húsín á nýju ári um miðjan janúar.
4. Íþróttamaður ársins 2014. Farið yfir listann með nöfnum þeirra sem koma til greina. Gengið frá listanum sem verður sendur bæði á Kópavogsbæ og Garðabæ.
5. Formaður gerði grein fyrir erindi frá LH varðandi Íslandsmótið í hestaíþróttum 2015. LH óskar eftir greinargerð og rökstuðningi frá stjórn Sprettis fyrir því að mótið verði haldið á sömu dagsetningum fyrir bæði yngri og eldri flokka. Áætlað er að mótið verði helgina 10.-12. júlí 2015.
6. Formaður og gjaldkeri greindu frá kauptilboði í gamla félagsheimilið á Hattarvöllum. Ákveðið að taka tilboðinu og gengið verður frá kaupsamningi vegna þess í janúar 2015.
7. Nefndir og mönnun. Búið er að manna allar nefndir ásamt því að stofna sérstaka nefnd vegna Íslandsmótsins 2015.
8. Formaður gerði grein fyrir stöðu auglýsingamála og hvatti stjórnarmenn til þess að ná í fleiri auglýsingar inn í reiðhöllina.
9. Gengið frá tilnefningu á fulltrúum Sprettis í hestadaganefnd LH.
10. Farið yfir endurskoðun á ráðningarsamningi við framkv.stjóra.
11. Önnur mál. Haldinn var fyrsti félagsfundur nýrrar stjórnar 12. nóv. sl. sem heppnaðist mjög vel en á hann mættu 70 félagsmenn. Þá lýstu stjórnarmenn yfir ánægju sinni með framkvæmd nefndarkvöldsins 14. nóv. sl. sem tókst mjög vel og var einnig skemmtilegt í alla staði. Voru 112 félagsmenn sem mættu, allar nefndir gerðu grein fyrir sínum störfum á stuttan, léttan og skemmtilegan hátt. Boðið upp á rómaða hátíðarmáltíð og nefndarmönnum þökkuð vel unnin störf á árinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Kristín Njálsdóttir